

Námsáætlun fyrir íslensku - 9. bekkur Skólaárið 2021 – 2022



Kennari: Einar Sveinn Guðmundsson, Særún Rósa Ástþórsdóttir.

Tímafjöldi: 6 kennslustundir á viku (2 kennslustundir í viku falla undir Bræðing)

Skólaárið 2021-2022 verður verkefnið Bræðingur á unglíngastigi en það er kennslufyrirkomulag þar sem nokkrar námsgreinar eru samþættar og unnið er með þema eða áherslutengd verkefni. Íslenskukennarar skipuleggja íslenskuna í Bræðingnum í teymisvinnu en hæfniviðmið úr íslensku eru sett fram í hverri lotu.

Námsþættir	Hæfniviðmið	Kennsluhættir/leiðir	Námsmat
Talað mál, hlustun og áhorf	<p>Nemandi geti</p> <ul style="list-style-type: none"> • flutt mál sitt skýrt og áheyrilega, • tekið virkan þátt í samvinnu og samræðum, tjáð skoðanir sínar og rökstutt þær, • notað upplýsingar úr ýmsum miðlum sér til fróðleiks og skemmtunar, • átt góð samskipti þar sem gætt er að máli, hlustun, tillitssemi, virðingu og kurteisi. 	<p>Nemendum er gefið tækifæri á að segja frá eigin reynslu og hugmyndum, taka þátt í umræðum um bókmenntir og kynna verkefni sín.</p> <p>Nemendur fá þjálfun í hlustun og einnig er horft á kvikmyndir tengdar bókmenntum sem lesnar verða.</p> <p>Nemendur lesa upp ljóð og/eða stutta texta og fá leiðbeiningar um vandaðan upplestur.</p>	<p>Þátttaka í umræðum og tímavinnu.</p> <p>Stutt ræða, flutningur á ljóði eða óbundnum texta.</p>
Lestur og bókmenntir	<p>Nemandi geti</p> <ul style="list-style-type: none"> • lesið almenna texta af öryggi og með góðum skilningi, sér til gagns og gamans, • greint og skilið aðal- og aukaatriði í margs konar texta og tengsl 	<p>Lesnar verða Gísla saga Súrssonar, Vertu ósýnilegur og aðrir fjölbreyttir textar (Með fjaðrabliki).</p> <p>Unnið verður með bókmenntahugtök og stílbrögð.</p> <p>Lesskilningur efldur með markvissum æfingum.</p> <p>Sögurnar tvær verða unnar í lotum í Bræðingi.</p>	<p>Fjölbreytt verkefni unnin í Bræðingslotunum, áhersla á lestrardagbók.</p> <p>Lesskilningskannanir.</p> <p>Lesfimipróf.</p>

	<p>efnisatriða; og beitt mismunandi aðferðum við lestur,</p> <ul style="list-style-type: none"> • lesið, túlkað, metið og fjallað um bókmenntir og gert sér grein fyrir gildi bókmennta, • beitt og skilið nokkur grunnhugtök í bókmenntafræði. 		
Ritun	<p>Nemandi geti</p> <ul style="list-style-type: none"> • skrifað skýrt og greinilega, notað orðabækur og önnur hjálpargögn, gengið frá texta • beitt skipulegum vinnubrögðum við ritun, skipað efnisatriðum í röklegt samhengi og mótað málsgreinar og efnisgreinar, • tjáð hugmyndir sínar og skoðanir og fært rök fyrir þeim í rituðu máli, • beitt reglum um réttiritun • valið og skrifað mismunandi textagerðir, notað helstu aðgerðir við ritvinnslu 	<p>Stafsetningarreglur rifjaðar upp og unnið með þær. Ritunaræfingar af ýmsum toga þar sem texta er skipt í efnisgreinar og unnið með hugtökin inngangur, meginmál og lokaorð. Nemendur prófa sig áfram við skapandi skrif með ritun ýmiss konar texta.</p> <p>Nemendur halda lestrardagbók og skrifa reglulega í hana.</p>	<p>Ritunarverkefni. Stafsetningarverkefni og kannanir. Tímaritgerð. Ritunarverkefni skrifað í tölvu.</p>
Málfræði	<p>Nemandi geti</p> <ul style="list-style-type: none"> • beitt helstu málfræðihugtökum, • valið orð í tali og ritun í samræmi við málsnið, gert sér grein fyrir mikilvægi þess að rækta orðaforðann og nýtt reglur um orðmyndun og einingar orða við ritun, 	<p>Einkenni og hlutverk orðflokka. Unnið með orðtök og málshætti, áhersla á smáorðaflokkana.</p>	<p>Verkefni og málfræðikannanir.</p>

	<ul style="list-style-type: none"> • flett upp í handbókum, orðasöfnum og rafrænum orðabókum og nýtt sér málfræðilegar upplýsingar sem þar er að finna, • áttað sig á beygingarlegum og merkingarlegum einkennum orðflokka, • notað fleyg orð, algeng orðtök, málshætti og föst orðasambönd til að auðga mál sitt, • gert sér grein fyrir mismunandi málnotkun og málsniði eftir efni og tilefni. • áttað sig á skyldleika íslensku við önnur tungumál og sífelldan breytileika þeirra. 		
<p>Námsgögn: Gísla saga Súrssonar, Vertu ósýnilegur, Málið í mark (óbeygjanleg orð), Með fjaðrabliki, Bragfræði, ljósritað efni (t.d Orðhákur, Stafur á bók o.fl), valbækur. Málvísir,Hugfínnur.</p>			
<p>Lokanámsmat: Að ofan er búið að lista upp þau hæfniviðmið sem verður unnið með þetta skólaár. Nemendur fá endurgjöf frá kennara um framgöngu í námi með fjórum hæfnitáknum og safna þannig á hæfnikort sitt. Í lok skólaárs verður hæfnin tekin saman og nemendur fá bókstarfseinkunn í lok skólaárs A, B+, B, C+, C, D.</p>			